

ERINDISBREF

hjúkrunarforstjóra við heilsugæslustöð.

1. gr.

Hjúkrunarforstjóri er skipaður af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Hann skal hafa hjúkrunarleyfi hér á landi.

2. gr.

Hjúkrunarforstjórar starfa við heilsugæslustöðvar þar sem heilbrigðismálaráð telur þess þörf vegna umfangs starfs og ráðherra samþykkir.

3. gr.

Hjúkrunarforstjóri skal vera ábyrgur gagnvart heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og stjórn heilsugæslustöðvarinnar.

Honum skal heimilt að sitja stjórnarfundum og hafa þar tillögurétt og málfrelsi.

4. gr.

Hjúkrunarforstjóri skal hafa nána samvinnu við stjórn heilsugæslustöðvarinnar og heilsugæslulækni (yfirlækni). Hann er stjórninni til ráðgjafar um málefni heilsugæslustöðvarinnar, svo sem fjármál, starfsmannahald, nýbyggingar og breytingar á húsnæði svo og kaup á áhöldum og húsbúnaði.

5. gr.

Hjúkrunarforstjóri skipuleggur og hefur faglega ábyrgð á hjúkrunarþjónustu heilsugæslustöðvarinnar.

Hann skipuleggur og stjórnar daglegri starfsemi ásamt heilsugæslulækni (yfirlækni). Hann sér um innkaup til stofnunarinnar.

Hann hefur með höndum ráðningu á starfslíði öðru en því, er ráðherra skipar, ákveði stjórn stöðvarinnar ekki annað og skal hann um það hafa samráð við stjórn stöðvarinnar og heilsugæslulækni (yfirlækni).

6. gr.

Hjúkrunarforstjóri annast eða hefur umsjón með ásamt heilsugæslulækni (yfirlækni) eftirfarandi heilsuverndarstarfsemi á starfssvæði sínu.

1. Mæðravernd.
2. Ungbarna- og smábarnavernd.
3. Heilsugæsla í skólum.
4. Berklavarnir.
5. Kynsjúkdómavarnir.
6. Geðvernd, áfengis- og aðrar fíkniefnavarnir.
7. Sjónvernd.
8. Heyrnarvernd.
9. Heilsuvernd aldraðra.
10. Hópskoðanir og skipulögð sjúkdómsleit.
11. Umhverfisheilsuvernd.
12. Atvinnusjúkdómavarnir.

7. gr.

Hjúkrunarforstjóri annast eða hefur umsjón með heimilishjúkrun.

8. gr.

Hjúkrunarforstjóri annast eða hefur umsjón með ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf, barneignir, fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, sbr. lög nr. 25/1975.

Hjúkrunarforstjóri tekur þátt í eða annast aðra þá fræðslustarfsemi, er stöðin veitir.

9. gr.

Hjúkrunarforstjóri hefur umsjón með og skipuleggur nám hjúkrunarfræðinema á heilsugæslustöðinni í samráði við viðkomandi skóla.

10. gr.

Hjúkrunarforstjóri skal gera eða sjá um að gerðar séu skýrslur um hjúkrunarstörf á heilsugæslustöðinni, svo og ársskýrsla stöðvarinnar í samvinnu við heilsugæslulækni (yfirlækni).

11. gr.

Erindisbréf þetta, sem sett er með stöð í 17. gr. laga nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi erindisbréf með sama heiti nr. 347/1978.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 4. febrúar 1980.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Njarðvíkurkaupstað.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Upphot eða óspektir mega ekki eiga sér stað á almannafæri. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sé og óþæginda fyrir umferð eða vegfarendur. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almenningsafnota, svo sem hátíðarsvæði, leikvangatorg og bryggjur, svo og afgreiðslustaðir bifreiða. Um hvers kyns samkomuhús, svo sem veitingahús og leikhús, sölubúðir, opinberar skrifstofur o. s. frv. gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr verslana, samkomuhúsa eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skal raða sér þannig, að þeir sem fyrstir koma fái fyrstir afgreiðslu. Við slík tækifæri skulu menn í öllu haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að varðveita góða reglu.